


# FÉLAGSRÁÐGJÖF Á ÍSLANDI



# Félagsráðgjöf á Íslandi

## 1964 – 1989

– meðlemmtu – líkneði A 101þóttuguleg  
100 f. meðgáðar með enkenni í gildi meðal annar

Erindi flutt á námsstefnu sem haldin var í tilefni 25 ára afmælis S. í. F.  
á Akureyri 26. – 27. október 1989.

## **Félagsráðgjöf á Íslandi – Afmælisrit**

Gefið út af Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa 1991

**Ritstjórn:**  
Bjarney Kristjánsdóttir  
Helga Þórólfssdóttir  
Lára Björnsdóttir

**Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa**  
Lágmúla 7  
Póstólf 5150  
125 Reykjavík

# Efnisyfirlit

<b>Frá ritstjórn .....</b>	<b>5</b>
<b>Gunnar Sandholt, Hjördís Hjartardóttir:</b> Afmælisdiktur .....	6
<b>Nanna K. Sigurðardóttir:</b> Félagsráðgjafastarfið .....	8
<b>Gunnar Sandholt:</b> Félagsráðgjöf og barnavernd .....	19
<b>Guðrún Frímannsdóttir:</b> Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri .....	27
<b>Guðrún Bragadóttir:</b> Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Húsavík .....	31
<b>Valgerður H. Bjarnadóttir:</b> Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri .....	33
<b>Guðrún Ögmundssdóttir:</b> Félagsráðgjöf og fjölmiðlun .....	37
<b>Guðrún Jónsdóttir:</b> Menntun félagsráðgjafa .....	40
<b>Sigrún Júlíusdóttir:</b> Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun .....	47

Hönnun kápu: Rúna Gísladóttir. Uppsetning: Sigríður Sigurðardóttir.

## Páttakendur á námsstefnunni á Akureyri



Ljósmynd: Karl Marinósson

# Frá ritstjórnum

Rit þetta er gefið út í tilefni 25 ára afmælis Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Fræðslunefnd félagsins þótti tilhlýðilegt að minnast þessa áfanga með því að halda námsstefnu um félagsráðgjöf á Íslandi. Námsstefnan var haldin á Akureyri dagana 26. og 27. október 1989.

Unnið var að framkvæmd námsstefnunnar í samvinnu við félagsráðgjafa á Norðurlandi með dyggum stuðningi stjórnar félagsins.

Stefna fræðslunefndar á undanförnum árum hefur verið að nýta krafta félagsmanna. Námsstefnan var í þessum anda og því voru allir fyrirlestrarnir fluttir af íslenskum félagsráðgjöfum, starfandi á Íslandi.

Fræðslunefnd telur þó að efni fyrirlestranna eigi erindi við mun fleiri en þá 70 félagsráðgjafa, sem sóttu námsstefnuna, bæði félagsráðgjafa sem ekki áttu heiman-gengt og aðra sem láta sig félagsleg málefni varða.

Ráðuneyti félags-, heilbrigðis- og menntamála styrktu námsstefnuna myndarlega og Múlalundur, verndaður vinnustaður Öryrkjabandalagsins, gaf féluginu ráðstefnumöppur. Eru öllum hlutaðeigandi færðar þakkir fyrir.

Auk áðurnefndra fyrirlestra birtist í ritinu afmælisbragur sem saminn var og fluttur á námsstefnunni við mikinn fögnum allra viðstaddir.

# Afmælisdiktur

Hátiðarljóð flutt á fjórðungsaldarafmæli  
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa 1989

Margt fyrir löngu í lítilli stofu í bænum  
litlu fræi var sáð í vorhlýjum blænum.  
Stöllur fjórar að stofna létu sig hafa  
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Magrét, Kristín, Guðrún og Margrét önnur  
mættust og drukku ótal kaffikönnur,  
máluð skal af þeim gullramma mynd undir nafni  
í miðju standa í félagsráðgjafasafni.

En mörg eru fræin og misjafna hljóta þau dóma  
misgóður jarðvegur ræður hvort dafna með sóma  
en upphófst nú æði og við bættust vasklegar meyjar  
og viti menn ennþá seinna örfáir peyjar.

Allt snarist þetta áður sem ennþá um fagið  
að efla félagsráðgjöfina það er lagið.  
Aðhlynning Sveina og Tómasa ekki nam vanta  
upp spratt af þessu rótsterk og blaðmikil planta.

Á áttunda tugnum efldist og magnaðist stéttin,  
Alþingi samþykkti einróma að lögvernda réttinn.  
Til keikur að bera titilinn félagsráðgjafi  
í tugum þeir komu siglandi austan úr hafi.

Litaraft pólitískt þeirra mest líktist karfa  
lærðómur smár og sumir klæddir í larfa.  
Skúringar, fiskvinnu og skipasmíðar má reyna  
skal frelsa heiminn til dýrðar Maó þeim eina.

Allt í einu var horfin eindrægni og friður  
öllu harðlega mótmæla og helst leggja niður  
gárungar vildu; en aðrir með grátbólgna hvarma  
grétu og létu sér nægja láta að harma.

Ekki var þó um ágreining djúpan að ræða  
alls ekki grundvallarviðhorf - slíkt væri mæða,  
að sitja í Guðrúnar Jóns eða Sigrúnar liði  
var samviskusurning sem alls engan lét í friði.

Á endanum menntunarmálið leiddist til lykta  
langar sögur um feril þess mætti dikta,  
útskrifaðist loks ömmuhópurinn glaður  
yfir sig stoltur og feiknarlega menntaður.

Sumar konur vita um hvað er að velja  
verkfallsréttinn neituðu harðar að selja,  
langvarandi pex og leiðindi og kíf  
leiddi til formlegrar úrsagnar þeirra, og HÍF.

Um var þá deilt hvar yndis helst mætti njóta  
sem opinber starfsmaður ellegar eigin fóta,  
obbinn af stéttinni áfram hjá ríki og bæ sat  
en aðrir fóru að praktísera prævat.

Loks þegar allt virtist vera að fara til fjandans  
reis félagið upp í heilagri sameining andans.  
SÍF hlaut með lögboði samnings- og verkfallsréttinn  
svelgdi í sig HÍF og tók svo til framtíðar sprettinn.

Við rásmarkið standa rjóðar í framan af spennu  
Rúnurnar þrjár með hugvit, þekking og nennu  
skýrast mun senn hver skikkju doktors sig klæðir  
og skinnin litlu í Háskóla Íslands fræðir.


Nú erum vér komin hér tæplega sjötíu saman  
suðrið og norðrið og rosalega er gaman,  
umburðarlyndið vér endurheimtum frá Bertu  
og erfum frá Richmond og Hollis faglega tertu.

Hér ertu vort félag nú fjórðungur liðinn er aldar  
þín framtíð er björt, að baki eru raunirnar faldar  
og þrátt fyrir barning, oss sem að einum er lagið:  
vér elskum þig félag og stéttina vora og fagið.

Gunnar Sandholt,  
Hjörðís Hjartardóttir.

# Félagsráðgjafastarfið

Nanna K. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi í Tengslum hf.



Líttill drengur var spurður að því hvað hann ætlaði að verða í framtíðinni. Sá stutti svaraði umhugsunarlaust stoltur: „Ég ætla að verða stór.“ Félagsráðgjöf er að verða stór. Fyrstu brautryðjendaárin eru að baki og starfið er á góðri leið með að öðlast viðurkenningu sem sjálfstæð starfs- og fræðigrein.

Á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að fyrstu menntuðu félagsráðgjafarnir hófu hér störf hefur margt breyst og mikil þróun orðið í málefnum félagsráðgjafa. Nafnlaus og óþekkt starfsgrein hefur tekið á sig skýra mynd og á annað hundrað félagsráðgjafar eru nú starfandi hér á landi. Starfsheitið er lögverndað og hægt að læra félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Félagsráðgjafar starfa nú á flestum sviðum félags-, heilbrigðis- og skólamála aust ymíssu sérstarfa í skyldum greinum. Flestir starfa í Reykjavík en víða í smærri byggðum vinna félagsráðgjafar brautryðjendastörf og móta starfsvettvang. Stöðugt þarf að vera vakandi og vinna málefnum greinarinnar brautargengi, stuðla að auknum þroska svo að félagsráðgjöf nái því að „verða stór“.

Mikilvægt er að taka hugmyndafræði greinarinnar til umfjöllunar og veita henni athygli og umhyggju, kanna hvaða götur hafa verið gengnar á þróunarbrautinni og hvaða stígar eru ennþá ókannaðir.

Pessi ráðstefna félagsráðgjafa hér á Akureyri er liður í því starfi. Próun félagsráðgjafar hér á landi hefur stundum borið þess merki að fólk hefur menntast í ýmsum löndum en hefur ekki þann sameiginlega grunn sem oft felst í því að hafa gengið í sama skóla. Pess vegna ermikilvægt fyrir alla félagsráðgjafa að þekkja sögu greinarinnar sem er sameiginlegur bakhjalr og sá jarðvegur sem starfið er sprottið úr. Sögulegur arfur skerpir skilning okkar og stolt yfir því að tilheyra líflegri og framfarasinnaðri starfsgrein. Sagnfræði er okkur Íslendingum í blóð borin. Nægir þar að benda á að Íslendingar völdu sagnfræðing og sögugrúskara sem leiðtoga í þjóðfrelnisbaráttu sinni. Sagt er að þjóðir velji sér leiðtoga eftir því hvernig frelnisbaráttu þær ætla að heyja.

Íslendingar byggðu sjálfstæðisbaráttu sína á sögulegum rökum. Í sögunni fundu þeir aftur sjálfstæði, stolt og virðingu fyrir sjálfum sér. Sagan er menning í víðasta skilningi, þar tengjast fortíð og nútíð. Söguskoðun víkkar hugmyndaheiminn líkt og þrifvíddin í málverkinu.

Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur hefur látið í ljós þá skoðun að það sé jafnréttismál að auka fortíðarvitund fólks og þjóni þeim tilgangi að mennta sem flesta. Hún segir orðrétt: „Það hefur óhemju

mikið að segja fyrir menninguna að einhverjur uppvakningar úr fortíðinni nái að gangalausir. Áhugaverðir uppvakningar sem nái að skila túlkun nútímans á einhverju úr fortíðinni“. (Sagnir 1988, bls. 51).

Skilningur á fyrirbærum mótask oft í tengslum við uppruna þeirra en ekki með öðrum hætti. Félagsráðgjöf er starfsgrein sem á sérstæða sögu. Á tímabilum virðist sem tengslin við upprunann hafi rofnað eða verið afneitað, góðir hlutir hafa horfið eða lagst í dvala. Stundum hefur átt sér stað að aðrir starfshópar hafa „uppgötvað“ gömul verðmæti af þessum toga og kynnt sem nýjar stefnur. Heildarsýnin er dæmi um slíkt fyrirbæri. Án tengingar við upprunann er erfitt að byggja upp heildstæða sjálfsmýnd. Starfsímynd er hluti af heildarsjálfsmýnd hvers einstaklings og óöryggi í þeim efnunum gerir starfshóppinn viðkvæman. Vanmetakenndin hefur lengi verið fylgifiskur félagsráðgjafar. Henni fylgja sveiflur almættishugmynda og vanmats á sjálfum sér en umfram allt fylgja henni þó viðkvæmni og þörf fyrir viðurkenningu og staðfestingu annarra. Öll þessi atriði kannast félagsráðgjafar mæta vel við.

Hvaðan kemurðu og hvert ætlarðu eru nátengdar spurningar. Hvað ætlar félagsráðgjöf að verða þegar hún verður stór? Svarið mótask

meðal annars af þekkingu og sátt við upprunann.

Í þessu erindi mun ég fyrst gera eðli og uppruna félagsráðgjafar að umræðuefni. Stiklað verður á stóru varðandi nokkra frumkvöðla og framlag þeirra til greinarinnar og loksverður komið inn á fagmennsku (professionalism), siðfræði og mótn starfsímyndar.

## Góðgerðafélög og félagsráðgjöf

Pegar litið er á félagsráðgjafastarfíð í sögulegu samhengi ber hæst hve það er ungt að árum. Petta á ekki eingöngu við um starfið hér á landi heldur einnig í öðrum löndum. Tímasetningar segja þó ekki alla söguna. Í söguskoðun er ákaflega einhliða að skoða liðna til eingöngu út frá tímasetningum. Hugmyndir fæðast og vinnuhefðir móttast án þess að hægt sé að tengja það ákveðnum ártölum, en verða svo formlegar með lagasetningum og reglugerðum. Pessi sjónarmið þarf að hafa í huga þegar fjallað er um félagsráðgjafa og rætur félagsráðgjafar sem starfs- og fræðigreinar.

Félagsráðgjöf varð til sem starfsgrein í flóknu samspili breytinga á atvinnuháttum og þjóðfélagsgerð á nítjándu öld og í byrjun þeirrar tuttugustu. Uppstokkun varð á hefðbundnu stéttaskipulagi þjóðfélagsins og stórfelldar breytingar á búsetu og lífsháttum fólks.

Í kjölfar tækniframfara þurfti að taka afstöðu til margra málefna út frá nýjum forsendum. Umbóta-stefnum hvers konar óx fiskur um hrygg og áhrifa þeirra gætti viða. Má sjá merki þess í ýmsum lagasetningum um fræðslu- og mannúðarmál frá þessum tíma, svo sem baráttumálum verkalýðsfélaga og

ýmissa minnihlutahópa, (t.d. kvenna).

Þær breytingar sem hér um ræðir gerðust mishratt í ýmsum löndum og nánast eingöngu í hinum vestræna heimi á þessu tímabili. Ísland hafði sérstöðu, þar var bændasamfélagið alls ráðandi þó að vissar hræringar að utan gerðu vart við sig. Má meðal annars greina þær í undirbúningi að sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem var þá hafin.

Í flestum heimildum um uppruna félagsráðgjafarmásjá að góðgerðastarfsemi í þágu fátækra og sjálfbodaliðavinna er sá hugmyndarfræðilegi jarðvegur sem félagsráðgjöf er sprottin úr. Góðgerðastarfsemi af þessu tagi blómstraði fyrst og fremst í þjóðfélögum sem höfðu ekki félagsmálalöggyjöf eða viðurkenningu (í samfélagsgerðinni) á skyldum hins opinbera gagnvart þeim þjóðfélagsþegnum sem gátu ekki séð sér farborða. Þar greinir verulega á milli norrænna þjóðfélagsgerða og engilsaxneskra. Pégar norrænir félagsráðgjafar súru svo að leita fyrir mynda hjá starfs-systkinum í Bretlandi og Bandaríkjum gættí oft þessa mismunar við yfirsærlu þekkingar og í útfærslu hugmynda og starfsaðferða á milli landa. (Reintoft 1978).

Góðgerðastarfsemi var ekki fyrir hendi á Íslandi. Stöku sinnum var þó efnt til samskota fyrir viss mál-efni eða vissa menn. Veturinn 1855 var t.d. efnt til þriggja samskota á Íslandi. Þau veglegustu reyndust vera til þess að reisa bautastein í Þýskalandi til minningar um Martein Lúter og söfnuðust 1480 rsd. Einnig var safnað til kristniboðs í Kína, alls 602 rsd. Athyglisverðasta söfnunin og jafnframt sú rýrasta, eða 47 rsd. 76 sk. var fyrir sjálfan Jón Sigurðsson. Lélegur árangur þeirrarsöfnunar var þó fremurtalinn stafa af efnaleysi þjóðarinnar en fálæti í garð Jóns. Athyglisverður

er þó áhugi landans á þýska bautasteininum og ástandi trúmála í Kína. (Páll Vilhjálmsson, Sagnir 1985).

Frá mjög fornu voru ákvæði í íslenskum lögum um fátækramál. Í ritgerð Gísla Ágústar Gunnlaugssonar (Saga 1983) „Löggjöf um fátækraframfærslu og stjórn fátækramála á 18. öld“, kemur fram að fátækraframfærslan hafi öðru fremur verið ein mikilvægasta orsök hreppamyndunar á Íslandi. Þar er vísað til heimilda um tíundarlögin og að „af Grágás megi ráða, að framfærslumál voru nær eina viðfangsefnið, sem sveitarfélögum (hreppum) var falið með lögum á þjóðveldisold. Viðfangsefni þetta var tvíþætt. Annars vegar voru ráðstafanir til bjargar þeim sem ekki gátu framfært sig, en hins vegar ráðstafanir, sem forða skyldu fleirum frá bjargþrotri.“ (Saga 1983, bls. 41).

Þó að túlka megi mjög jákvætt viðurkenningu íslensks samfélags á skyldum sínum við þá sem minna máttu sín þekkja allir þá niðurlægingarsögu sem tengdist opinberri aðstoð og því „að þiggja af sveit“ eða „segja sig til sveitar“ á Íslandi. Nánast allir landsmenn voru fátækir ef miðað er við efnalega velmegun og mikil hræðsla við hugsanlega „misnotkun“ á fjármunum samfélagsins í þessum tilgangi var ríkjandi. Enn þann dag í dag má greina þessi viðhorf þrátt fyrir breyttan hugsunarátt að baki félagsmálalaga og lögfestingar á „rétti“ til bóta umfram einstaklingsneyð.

Til eru margar frásagnir niðursetninga og sveitarómaga sem lýsa bágum kjörum sínum og illri meðferð. Dæmi eru einnig um að fólk hafi gengið svo nærrí heilsu sinni og þreki sem frekast var unnt til þess að losna við að þurfa að þiggja framfærslu af hinu opinbera. Orð Björns Jónssonar í Lundi um